

Verðhækkun á garnaveikibóluefni

Tekið hefur verið í notkun nýtt bólu-efni gegn garnaveiki Gudair® sem er framleitt á Spáni af CZ Veterinaria.

Það bóluefni sem nú er farið að flytja inn er framleitt af lyfjaframleiðanda eftir ströngustu kröfum. Matvælastofnun hefur leitað eftir því við innflytjandann að leggja eins lítið á bóluefnið og framast er unnt og hefur orð hans fyrir því að svo sé gert, en þrátt fyrir það er óhjákvæmilegt að verðið til bóndans hækki verulega.

Tilraunastöð Háskólans í meinafræði á Keldum hafði framleitt bóluefnið í áratugi við aðstæður sem löngu voru orðnar úreltar og hafði stillt verðinu mjög í hóf. Því miður var ekki mögulegt að fara í kostnaðarsamar breytingar og kaup

á tækjabúnaði á Keldum sem stenst nútímakröfur. Þess vegna var leitað eftir samsvarandi bóluefni sem væri á markaði erlendis.

Reglugerð nr. 911/2011 um garnaveiki og varnir gegn henni kveður á um skyldur sauðfjár- og geitaeigenda á vissum svæðum landsins að láta bólusetja fé sitt. Þar er einnig kveðið á um að þeir sem vanrækja bólusetningar eiga á hættu að bú þeirra verði sett á lista yfir garnaveikibæi.

Þeim sem framkvæma garnaveiki-bólusetningar er skylt að skila skýrslu um þær til Matvælastofnunar eigi síðar en 20. janúar.

*Þorsteinn Ólafsson,
sérgreinadýralæknir
hjá Matvælastofnun.*